

**Nefndasvið Alþingis**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**  
[nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

Stykkishólmi, 30. mars 2015

**Efni: Umsögn Umhverfishóps Stykkishólms um þingsályktunartillögu um að draga úr plastpokanotkun, 166. mál á 144. löggjafarþingi 2014-2015.**

Umhverfishópur Stykkishólms fagnar þingsályktunartillögu um að draga úr plastpokanotkun og tekur eindregið undir mikilvægi þess að draga úr notkun einnota plastpoka.

Á síðasta ári veitti umhverfis- og auðlindaráðuneytið styrk til Umhverfishóps Stykkishólms, sem í samvinnu við Náttúrustofu Vesturlands, Landvernd og Environice gerði tilraun til að gera Stykkishólmsbæ að plastpokalaus sveitarfélagi (<https://www.facebook.com/burdarplastpokalaus>). Verkefnið fór af stað um mitt ár 2014 og var plastpokinn kvaddur með pompi og prakt í september. Mikið samráð var haft við verslunar- og þjónustuaðila. Þá voru íbúar fræddir um neikvæðar hliðar plastnotkunar og hvattir til að nota fjölnota burðarpoka við innkaup.

Verkefnið tókst að flestu leyti frábærlega og vakti mikla athygli. Í tengslum við verkefnið hóf Íslenska gámafélagið innflutning á lífniðurbjótanlegum maíspokum og hafa þeir fengið talsverða dreifingu. Verkefnið sýndi fram á að hægt er að ná miklum árangri með hvatningu og fræðslu. Á þriðja tug verslana og þjónustuaðila í Stykkishólmi, nánar tiltekið öll fyrirtæki í sveitarfélaginu sem höfðu haft einnota plastburðarpoka á sínum snærum utan eitt, hættu að bjóða upp á einnota plastpoka. Bónus var eina fyrirtækið í Stykkishólmi sem áfram bauð upp á plastpoka en hóf fljótlega að bjóða jafnframt upp á lífniðurbjótanlegan maíspoka undir vörur. Plastpokasala í Bónus minnkaði um nær helming eftir að verkefnið hófst.

Verkefnið hefur þó einnig sýnt að þrátt fyrir að vel útfært hvatningarátak leiði til minnkunar á notkun einnota burðarpoka úr plasti, er líklega erfitt og jafnvel ómögulegt að fá alla til að hætta alveg notkun plastpokans nema setja á algert bann við notkun þeirra.

Hér á eftir má finna sýnishorn af fjölmiðlaumfjöllun um verkefnið í Stykkishólmi:

**Burðarplastpokinn kvaddur:**

<http://www.stykkisholmsposturinn.is/nyr-kafl-i-islandssogunni/>

**Plastpokalaus Stykkishólmur:**

<http://www.dv.is/lifsstill/2014/9/20/plastpokalaus-stykkisholmur/>

**Myndbandasamkeppni:**

<http://www.stykkisholmsposturinn.is/myndbond-verdlaunud/>


**Plastpokaverkefni Hólmara gengur vel:**

<http://www.visir.is/plastpokaverkefni-holmara-gengur-vel/article/2014141029130>

**Stykkishólmur nánast plastpokalaus:**

<http://www.ruv.is/frett/stykkisholmur-nanast-plastpokalaus>

Virðingarfyllst f.h. Umhverfishóps Stykkishólms,



---

Menja von Schmalensee,  
formaður Umhverfishóps Stykkishólms  
Víkurlöt 8  
340 Stykkishólmi  
[menja@simnet.is](mailto:menja@simnet.is)